

## Alþingi

Erindi nr. P118 11276  
komudagur 24/2 1995

24/2 1995

Forvarður Elíasson  
Samtök Væðingara

## Um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

1. Til eru margar vísitölur sem hver um sig getur verið ágæt til verðtryggingar. En að velja sér á hverjum tíma þá viðmiðun sem best fellur í geð, t.d. þá vísitölu sem minnst hækkar, er bæði ósiðlegt og ólöglegt og ekki á færi annarra að framkvæma en þeirra sem fara með æðstu völd og helst löggjafarvald með tilstyrk Hæstaréttar.

Allar vísitölur, sem stjórnvöld hafa gefið út til notkunar við verðtryggingu fjárskuldbindinga, ber að gefa út áfram, með óbreyttum reikniaðferðum, svo lengi sem verðbréf sem á þeim byggja eru á hinum almenna verðbréfamarkaði.

Það skiptir ekki meginmáli hversu langur einn meter er, en það skiptir öllu máli að hann sé alltaf og allsstaðar jafnlangur. Aðrar lengdir hafa önnur nöfn.

2. Frumvarp til laga um vísitölu neysluverðs virðist vera í góðu samræmi við viðtekna starfsreglur Hagstofu Íslands um útreikning á framfærsluvísitölunni. Nafnbreyting er jafnframt eðlileg og rökrétt.

Meginvandamál vísitalna sem verðtryggingarmælikvarða er fólgið í þeirri staðreynd að stjórnvöld hafa tilhneigingu til þess að hafa áhrif á mælikvarðann. Sérstaklega er þekkt frá fyrri tíð að niðurgreiðslur eru gjarnan notaðar til þess að skokkja verðlagsmælinn.

Hér er því lagt til að í 1. gr. sé kveðið á um að vísitalan skuli sýni breytingar á óniðurgreiddu verðlagi einkaneyslu.

Breyta mætti samsetningu nefndar á þann veg að hagsmunir sparifjäreigenda fái öflugri talsmann í nefndina.

{ Þar sem hér er greinilega gert ráð fyrir að vextir geti verið breytilegir kemur til álita að bæta inn ákvæði þess efnis að skuldari eigi þess jafnan kost að greiða slíkt lán upp með áföllnum vöxtum og verðbótum á greiðsludegi.

3. Frumvarp til laga um breytingu á vaxtalögum yrði talsverð lagabót ef samþykkt yrði. Það er eðlilegur valkostur í viðskiptalífinu að lántakendur og lánveitendur geti samið um verðtryggingu. Frumvarpið útfærir ágætlega slíkan valkost, en eftirtaldir breytingar væru þó til bóta.

b. (21. gr.)

Fái Seðlabankinn heimild til þess að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra lána, fær hann í raun vald til þess að banna verðtryggingu með því að ákveða nógu langan lágmarkstíma. Verðtrygging fjárskuldbindinga hefur reynst vel og engin frambærileg rök eru fyrir því að banna hana, síst af öllu vilji menn halda vöxtum niðri. Það á við um allar fjárskuldbindingar sem tilheyra hinum almenna verðbréfamarkaði, þ.e. lán til lengri tíma en eins árs.

△ (A) síða 2

Hér er því lagt til að ákvæði um að Seðlabankinn geti ákveðið lágmarkstíma verði fellt niður.

Ákvæðið um að Seðlabankinn geti ákveðið að vextir skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum má ekki leiða til þess að Seðlabankinn geti breytt kjörum á útgefnum lánskjöllum, heldur verður að skilja það þannig að það nái einungis til þeirra fjárskuldbindinga sem taka gildi þaðan í frá.

(A) →


e. (24. gr.)

Hagstofu Íslands er ætlað að annast framkvæmd útreikninga vísitölu neysluverðs án forskriftar Alþingis um hvernig það skuli gert. Hér er lagt til að Hagstofa Íslands reikni einnig út þann margfeldisstuðul sem margfalda á með vísitölu neysluverðs í mars 1995 til þess að fá út eldri lánskjaravísitölu eftir 1. apríl 1995. Ekki á að nota neinn margföldunarstuðul til þess að reikna út eldri lánskjaravísitölu fyrir aprílmánuð þar sem sú tala þá liggur fyrir. *og eðlilegt er að hún sé notuð til þess að reikna út margfeldisstuðulinn.*

*Þorvaldur Elms*

### Hækkun upprunalegu lánskjaravísitölunnar umfram „nýju“ lánskjaravísitöluna frá 1. jan 1989.

(Sýnir hvað verðtrygðar eignir og skuldir, sem teknar voru fyrir 1.1.89, væru mikið hærri ef vísitölunni hefði ekki verið breytt.)



# Fréttatilkynning

frá

## Samtökum fjárfesta, almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda.

Íslenskt viðskiptalíf og almenningur er um þessar mundir að kynnast kostum stöðugs verðlags og ábyrgrar fjármálastjórnunar peningastofnana og einstaklinga. Fullyrða má að almenn samstaða ríki nú um nauðsyn þess að viðhalda þeim stöðugleika, sem nú er í íslensku efnahagslífi. Traust milli manna og viðskiptastofnana er mikilvægur þáttur í efnahagslegum stöðugleika og verðtrygging fjárskuldbindinga og sá mælikvarði, sem þar er notaður, er undirstaða þess trausts sem nú ríkir í langtíma lánaviðskiptum á Íslandi.

Ástæða er til að benda á nauðsyn þess að lánskjaravísitalan fái sjálf að njóta trausts og stöðugleika. Að draga grundvöll lánskjaravísitölnunnar inn í kjarasamninga getur einungis dregið úr trausti almennings og fjárfesta á gildi hennar.

Stjórn Samtaka fjárfesta, almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda ályktaði á fundi sínum 21. febrúar 1995 um verðtryggingu fjárskuldbindinga og gerð kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði:

### Ályktun

Stjórn samtakanna mótmælir fyrir hönd sparifjáreigenda aðför verkalýðsforystunnar gegn sparifjáreigendum, sem með ráðdeild og sparnaði hafa lagt fyrir af launum sínum og treyst á lánskjaravísitölnu. Í tvígang hefur verkalýðsforystan haft forgöngu um og þvingað stjóruvöld til þess að skerða sparifé á þennan hátt. Ef ekki hefði verið hróflað við upprunalegu lánskjaravísitölnu, væru eignir sparifjáreigenda, sem bundnar voru þeirri vísitölu, núna 5% meira virði. Flestir sparifjáreigendur eru félagsmenn verkalýðsfélaga.

Í fyrra skiptið voru rökin þau að launafólk gæti ekki greitt af lánnum sínum nema þau hækkuðu í takt við laun en ekki verðlag. Núna þegar hækka á launin umfram verðlag mega lánin ekki hækka í takt við laun. Slík vinnubrögð eru ekki til þess að auka traust manna á sparnað og munu gera t.d. húsbref óseljanleg til erlendra aðila. Þannig er komið í veg fyrir verulega lækkun vaxta á verðbréfamarkaði og þar með affalla á húsbrefum og jafnvel stuðlað að hærri vöxtum á verðbréfamarkaði, sem skaðar skuldara þvert á tilgang aðgerðanna.

Rétt er að benda á að eignir lífeyrissjóða, sem eru flestir undir handarjaðri og á ábyrgð verkalýðsforystunnar, eru að mestu leyti bundnar lánskjaravísitölu og hafa því rýrnað um 5% eða um 6 milljarða kr. s.l. 6 ár. Nú á enn að skerða.

Þá vill svo til að flestir lífeyrissjóðir nema lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa breytt reglum sínum þannig að lífeyrir er núna tengdur lánskjaravísitölu. Þannig mun þessi nýja aðför verkalýðsforystunnar bitna jafnframt á þeim sem síst skyldi, lífeyrisþegum hjá lífeyrissjóðum þessarar sömu forystu.

Fyrirsjáanlegt er að ávinningur launþega af fyrirhugaðri breytingu lánskjaravísitölnunnar er óverulegur en skaði lífeyrisþega og sparifjáreigenda er verulegur. Ríkissjóður, sem stærsti skuldari landsins, mun hins vegar hagnast mest á fyrirhugaðri breytingu.

Stjórn Samtaka fjárfesta hvetur því aðila vinnumarkaðarins til þess að draga lánskjaravísitölnu ekki inn í gerð kjarasamninga.